

Stofnfiskur hf.
Staðarberg 2-4
221 Hafnarfjörður

Reykjavík, 19. desember 2019
UST201901-280/H.S.J.
08.12.02

Efni: Reglubundið eftirlit, 15.11. 2019, hjá Stofnfiski Kalmanstjörn.


Þann 15. nóvember sl. fór fram eftirlit í Stofnfisk hf., Kalmanstjörn. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Þrjár ábendingar voru gerðar í eftirlitinu en sex frávík komu fram er varða:

1. Gr. 1.2 í starfsleyfi. Heimilt er að framleiða í stöðinni allt að 200 tonn af laxi. Skv. ársyfirliti vegna ársins 2017 var ársframleiðsla 210 tonn.
2. Gr. 1.2 í starfsleyfi. Heimilt er að framleiða allt að 200 tonn af laxi í stöðinni. Skv. ársyfirliti vegna ársins 2018 var ársframleiðsla 281 tonn.
3. Gr.3.4 í starfsleyfi. Losun fosfórs má ekki fara yfir 14 kg/tonn af framleiddum fiski. Skv. mælingum á losun fosfórs í september 2018 er losun eldisins um 16 kg/tonn.
4. Gr. 4.3 í starfsleyfi. Rekstraraðili skal taka mynd af útrás frárennslis á sex mánaða fresti og senda eftirlitsaðila. Myndir v. 2017 og 2018 hafa ekki verið sendar eftirlitsaðila.
5. Gr. 4.4. í starfsleyfi. Ársyfirliti skal skila fyrir 1. maí ár hvert vegna undangengins almanaksárs. Myndir af útrás frárennslis skv. gr. 4.3 skulu berast með ársyfirliti. Ársyfirlit vegna 2017 barst 4. maí 2018 en það innihélt ekki myndir af útrás. Frávíkinu telst því lokið en frávíki vegna mynda verður fylgt eftir á grundvelli gr. 4.3, sbr. frávíkaskráningu hér að ofan.
6. Gr. 4.4. í starfsleyfi. Ársyfirliti skal skila fyrir 1. maí ár hvert vegna undangengins almanaksárs. Myndir af útrás frárennslis skv. gr. 4.3 skulu berast með ársyfirliti. Ársyfirlit vegna 2018 barst 6. maí 2019 en það innihélt ekki myndir af útrás. Frávíkinu telst því lokið en frávíki vegna mynda verður fylgt eftir á grundvelli gr. 4.3, sbr. frávíkaskráningu hér að ofan.

Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 15. janúar 2020.

Virðingarfyllst



Hulda Soffía Jónasdóttir
sérfræðingur



Halla Einarisdóttir
teymisstjóri

Afrit: Heilbrigðisnefnd Suðurnesja

Eftirlit með fiskeldisstöð
Landeldi

Eftirlit með fiskeldisstöð - Gátlisti

Nafn rekstraraðila: Stofnfiskur hf	Dags. eftirlits: 15.11.2019	Staðsetning stöðvar: Kalmanstjörn.	Brottfallinn starfsleyfisflokkur: 4
Kennitala rekstraraðila: 620391-1079	Gildistími starfsleyfis: 26.04.2021	Kvittun afhent: Já	Gerð stöðvar: Smoltseiðastöð, að 200 tonnum á ári.

Starfssemi	Já / Í lagi	Nei / Ekki í lagi	Á ekki við	Athugasemdir:
Er umfang í samræmi við starfsleyfi?		X		281 tonn skv. ársskýrslu fyrir 2018 og 210 tonn skv. ársskýrslu fyrir 2017.
Breytingar á starfsemi frá síðasta eftirliti? Áætlaðar breytingar?	X			Skiptu um móttökuaðila dauðfisks, úr Ífex í Skinnfisk. Stækkunaráform, byrjað er að byggja nýtt sláturhús og kreisting verður áfram í því húsi sem nú er slátrað og kreist. Ætla að sækja um stækkað starfsleyfi. Búin að taka upp Breed Control fyrir kreistingu og hrogn og verið að klára fyrir útfærslu fyrir klakfisk sem á að taka við af Mercatus og Excel.
Er innra eftirlit og skráningar í samræmi við starfsleyfi (sjá grein 4.1. í starfsleyfi).	X			Mjög góðar skráningar. Mercatus og eyðublöð.
Ársskýrsla/samantekt skilað fyrir 1. maí?		X		Var skilað 6. maí sl. til UST ásamt skýrslum fyrir allar aðrar starfsstöðvar Stofnfisks. Ársyfirliti v. 2017 var skilað 4. maí 2018.
Grænu bókhaldi og útstreymisbókhaldi skilað fyrir 1. maí?			X	Á ekki við, þar sem ekki er skilaskylda.
Er áhættumat og uppfærðar viðbragðsáætlanir aðgengilegar á staðnum? (viðbragðsáætlun vegna bráðmengunar,	X			Er á staðnum í gæðahandbók, nýjusta útgáfa áhættumats var send á eftirlitsaðila eftir eftirlit í Kollafjörð. Eftirlitsaðili benti á að taka þyrfti inn í áhættmat fóður í fódursílóum.

Eftirlit með fiskeldisstöð
Landeldi

viðbragðsáætlun vegna tímabundinnar og ótímabundinnar rekstrarstöðvunar)				Neyðaráætlun v. rekstrarstöðvunar var einnig aðgengileg á staðnum.
Samráðsfundur? Næsti fundur boðaður?			X	
Er trygging vegna bráðamengunar í gildi?	X			Gildir til 31.3.20 og er í gildi fyrir allar stöðvar Stofnfisks.
Er neyðaráætlun til staðar?	X			Sjá hér að ofan. Eftirlitsaðili óskaði eftir til viðbótar við áætlun, staðfestingu frá móttökuaðila dauðfisks v. móttöku ef til massadauða kæmi.

Umhverfi	Já / Í lagi	Nei / Ekki í lagi	Á ekki við	Athugasemdir:
Umhverfismarkmið og umhverfisstjórnunarkerfi?	X			Global Gap vottun.
Stýring á fódurgjöf þannig að úrgangsmýndun sé í lágmarki?	X			Fóðurkerfi frá Vaka, sjá hvað er fódrað á klukkutíma. Mikið eftirlit með fódrun, þar sem getur verið breytilegt milli árganga hvernig þeir bregðast við í ljóslotum.
Er skráning á losun fósfórs og köfnunarefnis? Eru losunarmörk virt? Mælingar eða útreikningar? Síðustu mælingar?		X		Mælt september 2018, en losun var ekki reiknuð í kg/tonn. Köfnunarefni var undir greiningarmörkum í bæði inntaks og frárennslisvatni, en fosfór var undir greiningarmörkum (0,02 mg/L) í inntaksvatni en 0,2 mg/L í frárennslis. Miðað við að sú mæling sé lýsandi fyrir meðallosun eldis og 800 L/s rennslis er losun fosfórs því um 16 kg/tonn og því yfir hámarki, skv. reikningum eftirlitsaðila. Hámarkslosun fosfórs skv. leyfi er 14 kg/tonn. Rekstraraðili áætla að reikna einnig út áætlaða losun frá fódurnotkun.
Ástand frárennslis. Eru set eða útfellingar? Olía eða froða? Sorp eða aðrir aðskotahlutir?	X			Frárennslis leit vel út. Fjara var við vettvangsheimsókn, en engin merki um eldið við útrásina. Eitthvað var af fugli á svæðinu. Skv. rekstraraðila virðist fjöldi fugla

Eftirlit með fiskeldisstöð
Landeldi

Hitauppgufun frá frárennsli? Er óeðlileg lykt? Er fiskur í frárennsli?				háður öðru fæðuframboði. Engin hreinsun er á frárennsli frá eldinu og því eitthvað af fæðuleifum sem fuglinn sækir í þegar aðra fæðu vantar.
Nánari lýsing á mengunarvarnarbúnaði í frárennsli, síun, settjörn, tromlur, oþh. Leið frárennslis frá kerri að viðtaka.	X			Engin hreinsun en mjög mikil vatnsskipti vegna brims og viðunandi rennsli við útrás. Fjórar lagnir frá mismunandi svæðum stöðvarinnar sameinast við fiskigildru og svo er ein sameiginleg útrás út í fjöru.
Ástand og lýsing viðtaka (s.s. fjarlægð frá kerum, ferskvatn, sjór).	X			Viðtaki er sjór, um 100 m frá næstu kerjum en mest um 500 m frá því húsi sem fjærst er fjöru.
Er eftirlit með vatnsgæðum í viðtaka.			X	Engin sýni tekin eru tekin úr viðtaka. Mjög mikið brim og mikil vatnsskipti.
Meðhöndlun úrgangs og spilliefna í samræmi við starfsleyfi? Söfnun og förgun dauðfisks?	X			Dauðfiskur og slóg fer í Skinnfisk. Plast undan fæðri fer í gám með öðru sorpi. Úrgangur er sóttur af Íslenska Gámafélaginu, en flokkað þar einungis í almennt sorp eða grófan úrgang. Til stendur að hefja flokkun. Brúsum frá Mjöll Frigg er skilað til þeirra og öðrum spilliefnum til spilliefnamóttöku, kvittanir eru til staðar.
Er umhverfisvöktun í samræmi við starfsleyfi?	X			COD og svifagnir hafa verið mældar í inntaksvatni og frárennsli. Einnig var ammoníak mælt. COD lækkaði milli inntaks og útrásar, var 418 mg/L í inntaksvatni og 286 mg/L í frárennsli. Svifagnir voru 23 mg/L í inntaksvatni og 15 mg/L í frárennsli.
Skil á niðurstöðum mælinga umhverfisvöktunar.	X			Var skilað með ársskýrslu.
Skil á öðrum mælingum sem nefndar eru í starfsleyfi, ef við á.	X			COD og svifagnir voru mældar með fosfór og köfnunarefni í september 2018, sbr. hér að ofan.
Næstu áætluðu mælingar? Hverjar? Er það skv. starfsleyfi?	X			Leyfi gerir ráð fyrir mælingum á 3 ára fresti á á COD og svifögnum, en árlega á N og P . Mælt er árlega skv.

Eftirlit með fiskeldisstöð

Landeldi

Hver sér um mælingarnar?				Global gap staðli. Svo mælt verður fyrir lok árs og aftur á næsta ári. Sýni ehf. hefur séð um mælingar.
--------------------------	--	--	--	--

Niðurstöður síðasta eftirlits: Eitt frávik kom fram við eftirlit 2017 er varðaði að ársyfirliti fyrir árið 2016 hafði ekki verið skilað til eftirlitsaðila. Ársyfirlitinu var skilað með tölvupósti þann 10. nóv. 2017. Engin athugasemd var gerð í eftirlitinu.	
Samantekt:	<p>Í stöðinni er klakfiskur alinn upp í 11-12 kíló, og sláturfiskur um 4-5 kg.</p> <p>Afföll eru bæði sjálfdautt og hængar eftir sónar.</p> <p>Vatnið í stöðinni er úr borholum, jarðsjór, selta frá 6 % upp í 34 % . Vatnið í stöðinni er svo blandað og í kerjum haft 30 % eða undir.</p> <p>Seiði koma frá Kollafirði þar sem þau eru smoltuð og eru svo alin áfram í Kalmanstjörn. Kreisting fer fram þar og enn sem komið er er slátrað í sama húsi. Bygging á nýju sláturhúsi er hafin og mun slátrunin alfarið færast þangað. Starfsleyfi frá Heilbrigðisnefnd Suðurnesja er fyrir sláturhúsi/vinnslu á staðnum.</p> <p>Tveir olúgeymar eru á svæðinu, báðir inni í gámum og í góðum þróum.</p> <p>Fóður er keypt í stórsekkjum og er sett á fóðursíló þaðan sem því er blásið í ker.</p> <p>Snyrtilegt er á staðnum og umgengni góð, þó merki séu um framkvæmdir. Eftirlitsaðili bendir á að taka til athugunar að setja net yfir útiker.</p> <p>Sex frávik komu fram við eftirlitið er varða umfang umfram starfsleyfi, bæði á árinu 2017 og 2018, ársyfirlitum 2017 og 2018 var skilað of seint, myndir af útrás hafa ekki verið sendar og að losun fosfórs er yfir mörkum leyfis. Þrjár ábendingar komu fram er varða áhættumat v. bráðamengunar hafs og stranda, samning við móttökuaðila ef til massadauða kemur og net yfir útiker.</p>
Annað:	<p>Mælanleg umhverfismarkmið voru rædd í eftirlitinu.</p> <p>Einnig var farið yfir breytingar á lögum 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, m.t.t. skila umhverfisupplýsinga; sem og ákvæði reglugerðar 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit um tíðni eftirlitsheimsóknna og áhættumat UST sem framvegis verður notað til ákvörðunar tíðninnar.</p>

Undirskrift eftirlitsmanns:

Hulda S. Jónasdóttir

EFTIRLITSSKÝRSLA

Stofnfiskur ehf. Kalmanstjörn



UMHVERFISSTOFNUN

Dags eftirlits	15.11.2019	Ábyrgðarmaður eftirlits	Hulda Soffía Jónasdóttir
Fyrirtæki	Stofnfiskur ehf.	Eftirlitsmaður	
Heimili	Kalmanstjörn	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	620391-1079	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Kristján Kristmannsson	ÍSAT nr.	03.22.0
Fulltrúi fyrirtækis	Ella Kristín Geirsdóttir	Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Sex frávik komu fram við eftirlitið vegna umfangs, bæði á árinu 2017 og 2018, vegna skila ársyfirlits, bæði vegna 2017 og 2018, mynda af frárennsli og að losun fosfórs er umfram leyfileg mörk leyfis. Þrjár ábendingar eru gerðar.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið var framkvæmt með vísan í 57. grein reglugerðar 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit. Vísað er í meðfylgjandi gátlista.

Frávik frá	Lýsing á fráviki
Gr. 1.2 í starfsleyfi	Heimilt er að framleiða í stöðinni allt að 200 tonn af laxi. Skv. ársyfirliti vegna ársins 2017 var ársframleiðsla 210 tonn.
Gr. 1.2 í starfsleyfi	Heimilt er að framleiða allt að 200 tonn af laxi í stöðinni. Skv. ársyfirliti vegna ársins 2018 var ársframleiðsla 281 tonn.
Gr. 3.4 í starfsleyfi	Losun fosfórs má ekki fara yfir 14 kg/tonn af framleiddum fiski. Skv. mælingum á losun fosfórs í september 2018 er losun eldisins um 16 kg/tonn.
Gr. 4.3 í starfsleyfi	Rekstraraðili skal taka mynd af útrás frárennslis á sex mánaða fresti og senda eftirlitsaðila. Myndir v. 2017 og 2018 hafa ekki verið sendar eftirlitsaðila.
Gr. 4.4 í starfsleyfi	Ársyfirliti skal skila fyrir 1. maí ár hvert vegna undangengins almanaksárs. Myndir af útrás frárennslis skv. gr. 4.3 skulu berast með ársyfirliti. Ársyfirlit vegna 2017 barst 4. maí 2018 en það innihélt ekki myndir af útrás. Frávikinu telst því lokið en fráviki vegna mynda verður fylgt eftir á grundvelli gr. 4.3, sbr. frávikaskráningu hér að ofan.
Gr. 4.4 í starfsleyfi	Ársyfirliti skal skila fyrir 1. maí ár hvert vegna undangengins almanaksárs. Myndir af útrás frárennslis skv. gr. 4.3 skulu berast með ársyfirliti. Ársyfirlit vegna 2018 barst 6. maí 2019 en það innihélt ekki myndir af útrás. Frávikinu telst því lokið en fráviki vegna mynda verður fylgt eftir á grundvelli gr. 4.3, sbr. frávikaskráningu hér að ofan.

ÁBENDINGAR

Eftirlitsaðili benti rekstraraðila á að bæta áhættumati á að fóður fari niður, inn í áhættumat v. bráðamengunar hafs og stranda.

Einnig var óskað eftir staðfestingu frá móttökuaðila dauðfisks að ef til massadauða kæm í stöðinni gætu þeir tekið á móti því magni sem til myndi falla. Staðfesting þess efnis barst 22. nóvember sl.

Ábending er einnig gerð þess efnis að rekstraraðili taki til athugunar að setja net yfir útiker.

ANNAÐ


Mælanleg umhverfismarkmið voru rædd í eftirlitinu.

Einnig var farið yfir breytingar á lögum 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir m.t.t. skila umhverfisupplýsinga; sem og ákvæði reglugerðar 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit um tíðni eftirlitsheimsóknna og áhættumat UST sem framvegis verður notað til ákvörðunar tíðninnar.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 19.12.2019


Hulda Soffía Jónasdóttir